

Miðvikudaginn 30. apríl 1997.

Nr. 184/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Erni Karlssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. maí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1997.

Ár 1997, föstudaginn 25. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, til lögheimilis að Þórsgötu 5, en dvalarstað að Safamýri 25, hvoru tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. maí nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, hvort sem það hefur verið með beinni þátttöku eða liðsinni í orði eða verki, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þykir því rökstuddur. Þótt rannsókn málsins sé vel á veg komin, þykir þó, þegar litið er til umfangs þess, og með skírskotun til alíðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki verða hjá því komist að verða við kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um framhald gæsluvarðhalds kærða, en ætluð brot kærða gætu varðað hann fangelsisrefsingu skv. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og einnig 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Örn Karlsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 2. maí nk. kl. 16.
